Vigdís um Føroyavitjanina:

Ein mín besta vitjan í nøkrum landi

Ikki bert føroyingar eru fegnir um vitjanina hjá íslendska forsetanum Vigdís Finnbogadóttir. Eisini Vigdís sjálv og íslendsku bløðini eru sera væl nøgd um hesa vitjan.

Við íslendska blaðið Tjóðviljan sigur Vigdís m.a., at Føroyar eru eitt tað besta landið hon nakrantíð hevur vitjað.

Íslendsku bløðini hava eisini gjørt nógv burtur úr vitjanini og hava vit blaðað í nøkrum av teimum.

Vigdís Finnbogadóttir skal nú á almenna vitjan í Japan og aftaná skal hon til Fraklands.

MORGUNBLAÐIÐ, FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER 1987

fólk í fréttum



Forsetinn í fiskeldisstöðinni

Núna á laugardaginn birtist mynd á baksíðu Morgunblaðsins af heimsókn forseta Íslands í fiskeldisstöð í Færeyjum, þar sem meðal annars gaf að líta 100 kílóa þungar lúður, sem reka hausinn upp úr vatninu til að þiggja síld úr hendi manna.

Þegar myndin var prentuð í blaðinu vantaði hins vegar neðsta hlutann af henni, þar sem sést í hausinn á lúðunni, og því var ekki gott að átta sig á af hverju myndin var.

Okkur þykir myndin skemmtileg, og því birtum við hana aftur, óstytta og í fullri lengd, og vonum að hún prentist vel.



Morgunblaðið/RAX

Vigdís forseti, Hörður Helgason, sendiherra, og Hans Joansen, fiskeldisfræðingur - og neðst á myndinni eiga menn svo að sjá í hausinn á lúðunni.

...UDAGUR 9. SEPTEMBER 1987 21

...ust sterk tengsl á Íslands árunum

— segir Eyvindur Tjærbo sem sótti sjó frá Íslandi

„ÞAÐ var gott að vera á Íslandi og þá þénaði maður mikið," sagði Eyvindur Tjærbo í Sumba á Suðurey. Hann er einn þeirra eldri manna sem sóttu sjó frá Íslandi á íslenskum bátum og togurum.

[illegible] ...ur nana og hefðu það betra en áður.

Hann sagði að heimsókn Vigdísar forseta rifjaði upp margar góðar minningar um Íslandsdvölina áður. Það hefðu myndast sterk tengsl á Íslandsárunum og gott til þess að vita ef sambandið milli landanna ykist.



Morgunblaðið/RAX

Eyvindur Tjærbo í fjörukambinum í Sumba.

26 MORGUNBLAÐIÐ, MIÐVIKUDAGUR 9. SEPTEMBER 1987

Heimsókn Forseta Íslands til Færeyja:

Húsbygging á döfinni hjá Íslendingafélaginu í Færeyjum

ÍSLENDINGAFÉLAGIÐ í Færeyjum hyggur á byggingu félagsheimilis yfir starfsemina. Þórshafnarbær hefur þegar gefið lóð undir húsið á góðum stað ofarlega í bænum.

Bæjarfélagið hefur að auki lofað að styrkja bygginguna og frá Landsþinginu hefur komið loforð um að styrkja félagið um 30% af byggingarkostnaðinum. Bjarni Pétursson formaður félagsins sagðist vænta þess að íslenska ríkið sæi sér fært að styrkja líka þetta framtak.

Félagið var stofnað 1980 sem Íslendingafélag eingöngu en fljótlega gengu í félagið Færeyingar í félagið sem höfðu búið á Íslandi eða voru tengdir landinu á einhvern hátt. Bjarni Pétursson formaður sagði að haldnar væru á vegum félagsins fastar samkomur 1. desember, þorrablót í febrúar og skemmtun á 17. júní. Auk þess kæmi fólk saman öðru hverju. Hann sagði að félaginu hefði verið mjög vel tekið í Færeyjum.



Morgunblaðið/RAX

Fólk hópaðist að Vigdísi þar sem hún hafði viðdvöl í Færeyjum. Hér er hún á Vogi á Suðurey.



Morgunblaðið/RAX

Bjarni Pétursson og kona hans, Helga María Hermansen.

Færeyingar líta á Íslendinga sem sína nánustu bræðraþjóð

Heimsókn forseta Íslands vakti gífurlega athygli í Færeyjum

Þórshöfn, Færeyjum, frá Sigurði Jónssyni fréttaritara Morgunblaðsins.

HEIMSÓKN Vigdísar Finnbogadóttur til Færeyja, sem lauk á mánudag, fékk mjög mikla umfjöllun fjölmiðla í Færeyjum. Blöðin birtu myndir og greinar þar sem heimsókninni var fagnað og Vigdís boðin velkomin. Færeyska útvarpið og sjónvarpið fylgdu forsetanum hvert sem farið var og birtu fréttafrásagnir á hverjum degi og sjónvarpið var með sérstakan þátt á hverju kvöldi um heimsóknina. Heimsóknin þykir fá meiri athygli en heimsóknir Danadrottningar til Færeyja og almenningur lét óspart í ljós ánægju með heimsóknina.

„Heimsóknin vekur svo mikla athygli vegna þess að Færeyingar líta á Íslendinga sem sína nánustu bræðraþjóð. Hlýjan í garð Íslendinga sem var svo augljós hverja stund er vegna þess að Færeyingar eru ekki búnir að gleyma því að þeir sóttu alla sína lífsbjörg á Íslandsmið á árunum 1920-1930. Færeyska Fiskimannasambandið þakkaði heimsóknina með bréfi og þeim finnst miklu vænna um Ísland og Íslendinga en okkur nokkurn tíma grunar. Það má ekki gleyma því að það eru margar fjölskyldur sem eiga ættfeður sína í votri gröf við Íslandsstrendur," sagði Vigdís Finnbogadóttir að lokinni heimsókninni til Færeyja.

Til marks um innileika fólksins má nefna að í heimsókn hennar til Sandeyjar gekk fram maður um fimmtugt og afhenti henni skel sem staðið hafði á náttborði móður hans í fimmtíu ár. Sjálfur missti hann félaga sína við Íslandsstrendur en komst sjálfur af. Skelin var geymd til minningar um þessa menn.





Skerpikjöt, lundabringa og sauðakjöt á borðum hjá kóngsbóndanum í Stóra Dímon

Á EYJUNNI Stóra Dímon, þar sem hjónin Óli Jákup og Sunnuva búa með fjögur börn, er sérstæð byggð. Jákup er konungsbóndi og þau hjónin tóku á móti Vigdísi forseta á sunnudag. Þar var á borðum ekta færeyskur matur, kalt borð, sem unninn var á heimili þeirra hjóna.

„Heimsóknin á Stóra Dímon var stórkostleg. Maturinn sem borinn var á borð var sá matur sem forfeður okkar lifðu á og lifðu af, hann var stórgóður," sagði Vigdís við heimkomuna úr eynni. Meðal þess sem borið var á borð var skerpikjöt, lundabringa, rúllupylsa, sauðakjöt, brauð og álegg.

Fjölskylda Óla Jákup hefur búið á Stóra Dímon í marga ættliði. Eyjan hefur alltaf verið byggð. Erfiðar samgöngur gerðu að verkum 1981 að kýrnar voru seldar og í tvö ár aðeins búið á sumrin. Eyjan rís úr hafinu þverhnípt á allar hliðar og lending á bát er mjög erfið. Þangað er oft ófært á vetrum sjóleiðina tvo til þrjá mánuði. Eftir að samgöngur komust á með þyrlum hefur aðstaðan batnað og unnt að búa þar allt árið.

Óli Jákup er fjárbóndi og segir gott að vera með fé í eynni, það gangi sjálfala að mestu. Hann rær til fiskjar þegar lag er og veiðir til heimilisins. Auk þess er fuglatekja nokkur í eynni á sumrin.

Börn þeirra hjóna eru eins árs, þriggja ára, sjö ára og níu ára. Á veturna fá þau kennara til sín aðra hverja viku. Auk barnanna eru hjá þeim hjónum foreldrar Óla Jákup.

Óli sagði það spennandi að taka á móti Vigdísi forseta og sagðist vona að hún fengi innsýn í hvernig þau byggju og lifðu á eynni.

Auk þess að fara í Stóra Dímon heimsótti Vigdís Húsavík á Sandey, var við guðsþjónustu í kirkjunni á Sandi. Í Húsavík hitti hún meðal annarra Susönnu, 83 ára, sem þakkaði það færeyska dansinum hversu vel hún bæri aldurinn.

Að kvöldi sunnudagsins sat forsetinn kvöldverðarboð landstjórnarinnar þar sem hún færði Atla P. Dam Skarðsbók að gjöf og hann afhenti stórt málverk frá Færeyjum.



Morgunblaðið/RAX

Óli Jákup, kóngbóndi á Stóra Dímon, til hægri, fylgir Vigdísi í skoðunarferð um eyjuna. Á milli þeirra er dóttir Óla og kona hans Sunnuva



Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, á Reykjavíkurflugvelli í gær er hún kom heim frá Færeyjum. Vinátta Færeyinga í okkar garð er einstök. Mynd: E. Ól

Forseti Íslands

Heim frá Færeyjum

Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands: Ein af minnisverðustu ferðum sem ég hef farið. Japansför á döfinni

„Mér er minnistæðust úr ferðinni hin einstaka vinátta Færeyinga í garð okkar Íslendinga, og slík hjartahlýja að ég hef sjaldan orðið vitni að öðru eins," sagði *Vigdís Finnbogadóttir*, forseti Íslands, á Reykjavíkurflugvelli um miðjan dag í gær er hún kom heim úr opinberri heimsókn frá Færeyjum. „Þetta er ein af minnisverðustu ferðum sem ég hef farið."

Forsetinn kvað Færeyinga minnast þess tíma er þeir áttu lífsbjörgina undir fiskimiðum við Íslandsstrendur. Nóatún, skáldsaga hins mikla rithöfundar William Heinesens, fjallar öðrum þræði um slíkt Íslandsfiskirí, og var Vigdís spurð hvort hún hefði hitt skáldið meðan á heimsókninni stóð.

Nei, Heinesen er orðinn fullorðinn maður og ekki við góða heilsu. Því varð ekki úr að við hittumst, en ég fékk frá honum hlýjar kveðjur," sagði Vigdís.

Á fimmtudaginn fer forseti Íslands til Japans, og er tilefni þeirrar ferðar norræn menningarkynning sem hefst í þessum mánuði og stendur fram á næsta ár. Vigdís Finnbogadóttir mun opna fyrstu sýninguna. Frá Japan liggur leiðin til Frakklands, en Íslandsvika er í uppsiglingu í Bordeaux þar í landi.

HS

66 MORGUNBLAÐIÐ, ÞRIÐJUDAGUR 8. SEPTEMBER 1987

Heimsókn Forseta Íslands til Færeyja:



Sólja Nilsen býður Vigdísi Finnbogadóttur velkomna til Færeyja.



Sólja Nilsen ásamt móður sinni Andreu í Sandavogi.

Börnin túlka þann anda sem þau finna heima hjá sér

Þórshöfn, Færeyjum. Frá Sigurði Jónssyni fréttaritara Morgunblaðsins.

BÖRNIN voru mjög áberandi þar sem forseti Íslands fór um á ferð sinni um Færeyjar. Sólja Nilsen var fyrst færeyskra barna að heilsa forsetanum á flugvellinum og hún passaði einnig upp á að fylgjast með þegar Vigdís kvaddi í gær. Sólja er fimm ára og á heima í Sandavogi, dóttir Jóannesar Nilsen bæjarstjóra þar og konu hans Andreu. Andrea hefur oft komið til Íslands og keppt í handbolta og blaki en hún er í landsliði Færeyja í þeim greinum.

Sólja var í sjöunda himni yfir kynnum sínum af Vigdísi á flug-...





Cecilia Poulsen tveggja ára frá Sumba brosir sínu blíðasta við forseta Íslands

Morgunblaðið/RAX

Innilegar móttökur og eftirvænting á Suðurey

Tengslin við Ísland frá sjósókn Færeyinga á Íslandsmiðum lifa enn

Þórshöfn, Færeyjum. Frá Sigurði Jónssyni fréttaritara Morgunblaðsins.

ÍBÚAR Suðureyar, sem alið hefur flesta framámenn Færeyinga, fögnuðu Vigdísi Finnbogadóttur forseta Íslands af miklum innileik á laugardaginn. Þegar Vigdís gekk frá þyrlunni sem flutti hana til Froðba á Suðurey gengu nokkur börn úr nágrenninu í veg fyrir hana og afhentu henni að eigin frumkvæði nokkur villt blóm sem þau tíndu á meðan þau biðu.

Atli P. Dam lögmaður og kona hans frú Sólvá voru meðal þeirra sem fylgdu forseta Íslands um Suðurey. Atli P. Dam er einn þeirra þriggja lögmanna sem Suðurey hefur alið, af sex sem setið hafa, en faðir hans Peter M. Dam var einnig lögmaður.

Tek Færeyinginn heim með stolti

Hvar sem Vigdís kom við á leið sinni um Suðurey var fyrir hópur barna með færeyska og íslenska fána. Í skólanum í Trongisvogi var Vigdísi afhent að gjöf líkan af kútternum Speedvel sem byggður var í Englandi um 1900. Færeyingar stunduðu veiðar við Ísland á slíkum bátum upp úr aldamótum. Dánjal av Rana sem afhenti gjöfina sagði að hún væri táknræn fyrir þýðingu fiskjar af Íslandsmiðum fyrir byggðirnar. Á fótstykki líkansins er silfurskjöldur þar sem grafið er: „Til forseta Íslands. Við tökk fyri vitjanina á Tvøroyri 5. sept. 1987. Tvøroyrar býráð, Hvalbyar bygdráð, Fámjins bygdráð." Í þessum bæjarfélögum búa samanlagt 2100 manns og þaðan eins og af allri Suðurey og víðar fóru menn á Íslandsmið til veiða. „Ég tek Færeyinginn með stolti heim," sagði Vigdís og áður en hún fór þakkaði hún fyrir „gestum blíðu," sem henni var sýnd á staðnum.

Lítil bygðarlög með góðri aðstöðu

„Hér er rólegt og gott að vera," [illegible]

...smiðum á fyrri tíð sagði að það hefðu í það minnsta tvær kirkjur staðið á sama staðnum. Í þessari kirkju tíðkaðist það að fólk gaf henni gjafir þegar sjómenn komu heilir úr sjávarháska. Þar hangir ljósakróna sem gefin var 1893 eftir giftusamlega heimkomu báta af Íslandsmiðum.

Sungið og spjallað í Sumba

Eftir mjög góðar og innilegar móttökur í Vogi og matarboð hjá bæjarstjórninni þar hélt forsetinn ásamt fylgdarliði upp á Beinisvörð. Þar er þverhnípi í sjó fram og hrikalegir klettar sem gnapa við hafi. Þarna var áður mikið sigið í björg enda bjargið fullt af fugli. Nokkuð er gert af slíku ennþá.

Í þorpinu Sumba þar sem búa um 500 manns var gerður stuttur stans. Sólin skein í heiði og fólkið safnaðist um forsetann sem beið þar komu þyrlu er flutti hana til Þórshafnar. „Það gerist nú ekki svo mikið hérna að þetta er mikil upplifun," sagði ein húsmóðirin og sagðist halda að konur þar og víðar á Færeyjum gengju beinni í baki eftir þessa heimsókn. „Vigdís er mjög vingjarnleg og það hafa allir hlakkað til að sjá hana," sagði önnur kona í hópnum. „Og krakkarnir eru sérstaklega spenntir," bætti hún við. Auðséð var að börnin höfðu verið frædd um tengslin við Íslendinga áður fyrr enda var sem þau ættu hvert bein í forsetanum.

Á meðan Vigdís stanaði var henni afhent að gjöf eftirlíking af gömlum veiðarfærum. Fólkið hnappaðist um forsetann og börnin gáfu sig á tal við hana. Sum voru svo einlæg að þau sýndu hvar tönn hafði losnað og þau minnstu vildu gjarnan láta forsetann halda á sér. Stemmningin var mjög innileg og greinilegt að þarna var kærkomnum vini fagnað. Í lokin söng fólkið þjóðsönginn fyrir Vigdísi og það tóku allir undir, ungir sem aldnir.

„Þetta eru búnir að vera mjög hlýlegir dagar. Heimsóknin tengir fólkið saman," sagði Vigdís. „Já og þá erum við sterkari ef við stöndum saman," sagði einn úr hópnum og vísaði til norrænnar samstöðu.

Það er ekki ofmælt að segja að áður fyrr hafi hugur margra Færeyinga verið á Íslandi mestan hluta ársins. Gömul kona í Sumba, 86 ára, sagði bónda sinn hafa verið mestan hluta ársins á Íslandsmiðum. Þetta hefðu verið erfið ár en alls ekki slæm. Í þessu litla byggðarlagi tala eldri karlmenn og skilja íslensku ágætlega. Í húsum fólks má sjá myndir af bátum og togurum frá Íslandi. Menn tala vel um Íslandsárin sín, hafa gaman af að rifja upp þennan tíma og láta gjarnan í ljós þá ósk að samskipti landanna aukist.

Að kvöldi laugardagsins sat Vigdís kvöldverðarboð hjá ríkisumboðsmanninum eftir að hafa heimsótt listaskálann í Þórshöfn.

Mikilvægt að standa saman um varðveislu auðlindanna

Þórshöfn, Færeyjum. Frá Sigurði Jónssyni fréttaritara Morgunblaðsins í Færeyjum.

FÆREYINGAR meta það mikils að það skuli vera forseti Íslands [illegible]